

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði við Mýrarveg.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði vestan Mýrarvegjar og norðan Akurgerðis stækkar til norðurs um tæplega 3000 m<sup>2</sup> á kostnað óbyggðs svæðis og almenns útivistarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*